



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.5.2021
Tilvísun: 202101-0015

Efni: Frekari athugasemdir ASÍ við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.); 700. mál, 151. löggjafarþing

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar kom fram ósk frá nefndinni um að skila viðbrögðum við umsögnum annarra aðila skriflega. Er það hér með gert. Þá er rétt að ítreka að ASÍ leggur áherslu á að frumvarpið verði að lögum, að teknu tilliti til athugasemda í fyrri umsögn ASÍ, í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar um stuðning stjórnvalda við lífskjarasamning.

- Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eru bróðurpartur vinnumarkaðarins. Meginstoð lífeyriskerfisins byggir á saminginum ASÍ við atvinnurekendasamtök. Breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál, sem frumvarpið lögfestir m.a., voru bornar undir félagsmenn í lýðræðislegu ferli. Í umsögnum er bent á að sjóðir á samningssviði ASÍ og SA standi undir minna en helmingi eigna lífeyriskerfisins. Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eru almennt ekki hálaunafólk og eignir sjóða í hlutfalli við það. Ágætt er að á Ísland er lýðræði þar sem áhrif og vægi í umræðu fer ekki eftir efnahagsstöðu heldur er það fjöldinn sem telur.
- Í umsögnum koma fram ábendingar um aukið flækjustig lífeyriskerfis. Þær ábendingar koma einkum frá sjóðum með frjálsa aðild. Í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA hefur verið samtrygging og meðfram því viðbótarlífeyrissparnaður. Með breytingunum á kjarasamningi, sem frumvarpið leiðir í lög, varð til valkvæð tilgreind séreign. Hjákátlegt er að þaðan sem lífeyriskerfið er helst flækt komi rök um flækjustig gegn lögfestingu frumvarps sem miðar að því að samræma áhrif greiðslna úr lífeyrissjóðum við greiðslur almannatrygginga. Erfitt er að sjá aðrar ástæður fyrir flækjum búnar til innan svokallaðra frjálsu sjóða en að þær séu kúnstir miðaðar að því að spila á almannatryggingar.
- Ástæða er til að benda á að frumvarpið er hljótt um fjárfestingarheimildir í tilgreindri séreign. Í kjarasamningum SA/ASÍ um lífeyrismál eru fjárfestingarheimildir festar við heimildir samtryggingasjóða.



- Þörf er á að endurtaka áherslu Alþýðusambandsins um að skylduiðgjald renni í skyldutryggingarsjóði eins og samið er um í kjarasamningum ASÍ og SA. Með því móti er innheimtuöryggi tryggara og gætt þess að yfirlit á skilum skylduiðgjalds sé haldið á einum stað. Hætta á launþjófnaði er aukin með því að yfirsýn og eftirlit er ekki á einum stað. Rennir hluti skylduiðgjalds, sem ætlað er í tilgreinda séreign, beint annað er alls óvíst að þar sem tekið er við iðgjaldinu sé brugðist við hætti það að berast vegna vanefnda eða af öðrum ástæðum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Þórir G.', is written over a faint, light blue circular watermark that contains the letters 'ASI'.

Þórir Gunnarsson
Hagfræðingur ASÍ